

Tölvumál 18,4:28-29

Sigrún Helgadóttir

Um uppruna orðsins tölva

Ritnefnd Tölvumála hefur farið þess á leit við mig að ég rifjaði upp söguna um tilurð orðsins **tölva** fyrir lesendur í tilefni af 25 ára afmæli Skýrslutæknifélagsins. Eftir nokkra umhugsun fannst mér rétt að verða við þeirri bön. Þessi saga hefur að vísu oft verið sögð. Þorsteinn Sæmundsson, stjórnufræðingur, og einn af félögum mínum í Orðanefnd sagði hana í grein í Tölvumálum í júní 1982. Síðan eru liðin ellefu ár og því eðlilegt að unga fólk í Skýrslutæknifélaginu hafi ekki heyrt hana rétta. Sumarið 1992 var ég samferða hópi norrænna gesta í ferð um Suðurland og sat eins og þeir undir fyrirlestri íslensks leiðsögumanns. Sá sagði einhverja furðusögu af þessu orði, sem hann reyndar fór vitlaust með, og hefur sú reynsla enn styrkt mig í þeirri skoðun að tímabært sé að rifja upp hvernig orðið **tölva** varð til og hvernig það beygist. Í því sem hér fer á eftir mun ég styðjast við fyrrnefnda grein Þorsteins Sæmundssonar og einnig upplýsingar sem Þorsteinn hefur nýlega fengið frá Magnúsi Magnússyni prófessor og voru ekki í greininni.

Árið 1964 kom fyrsta tölva Háskóla Íslands til landsins og var það tölva af gerðinni IBM 1620. Í kringum þessa tölvu var Reiknistofnun Háskólans stofnuð og fyrsti forstöðumaður hennar var Magnús Magnússon prófessor. Magnús átti mikinn þátt í að fá þessa tölvu til landsins. En þegar hann greindi ráðamönnum frá verði tölvunnar láðist honum að gera ráð fyrir aðflutningsgjöldum. Hitti hann þá Gunnar Thoroddsen sem þá var fjármálaráðherra á förnum vegi á Arnarhóli og bar upp vandræði sín. Gunnar mun þá hafa sagt að þetta yrði ekkert vandamál. Nokkru síðar var Magnús staddur í kjallara Raunvísindastofnunar við Dunhaga, þar sem tölvan var hýst, ásamt Páli Bergþórssyni veðurfræðingi og voru þeir að ræða um nafn á þetta undratæki. Magnús sagði Páli m.a. frá fundi sínum og Gunnars. Páll mun þá hafa spurt hvort tækið mætti ekki heita **vala** og var þá að hugsa um frú Völu Thoroddsen, eiginkonu Gunnars. Eftir nokkra umhugsun hafði hann þó sagt "eða **valva**". Ekki varð meira um umræður að því sinni. Skömmu síðar var Sigurður Nordal, prófessor, staddur heima hjá Magnúsi í Skeiðarvogi. Þegar Sigurður var að fara og Magnús fylgdi honum út sagði hann honum frá samtali sínu við Pál Bergþórsson um heiti á nýja reiknitækið. Þá mun Sigurður hafa sagt "það er ekki **valva** heldur **völva**". Eftir nokkra stund bætti hann við "en hví ekki **tölva**?" Og var því samtali þá lokið. Magnúsi leist vel á orðið en mun samt hafa verið á báðum áttum. Hann mun sjálfur hafa notað orðið **rafeindareiknir** en af öðrum tilbrigðum má nefna heitin **rafeindareiknivél**, **rafreikni** og **reikniheila**. Öll þessi heiti komu fyrir í Tímariti

Verkfræðingafélagsins 1964 þar sem ýmsir menn rituðu greinar í tilefni af því að þessi fræga vél var komin til landsins. Þótt ég sé orðin gömul í hettunni tók ég að sjálfsögðu ekki þátt í þessari umræðu en ég man óljóst eftir henni og sum þessara orða voru enn notuð eftir að ég byrjaði að starfa við tölvur á Íslandi eftir 1969. Þegar Magnús greindi Þorsteini Sæmundssyni frá orðinu **tölva** leist honum strax vel á það. Þorsteinn mun því hafa gripið fyrsta tækifæri sem hann fékk til þess að ræða við Sigurð um myndun orðsins og beygingu þess. Þorsteinn segir orðrétt: "Sigurður kvað orðið dregið af orðunum tala og vólva og ætti að beygjast eins og hið síðarnefnda. Ég spurði Sigurð sérstaklega um eignarfall fleirtölu af orðinu, og taldi hann að það ætti að vera **tölva**. Ekki hafa þó íslenskumenn orðið sammála um þetta atriði, og í reynd hefur orðið verið beygt á annan hátt (**tölva** í ef. ft.)." Ef við reynum að setja þetta í dálítið fræðilegri búning getum við sagt að orðið **tölva** sé myndað með u-hljóðvarpi af orðinu **tala** á svipaðan hátt og orðið **vólva** er myndað með u-hljóðvarpi af orðinu **vala**. Orðið beygist, eins og allir vita: tölva, tölvu, tölvu, tölvu og í ft. tölvur, tölvur, tölvum, tölva. Myndin **tölva** í ef. ft. hefur orðið ofan á eins og Þorsteinn benti á. Heiti á þetta nýja undrataeki dregur Sigurður Nordal af orðinu **tala** þar sem það vinnur úr tölum en orðið **vólva** hefur haft áhrif á hvernig orðið var myndað þar sem það var sú hugmynd sem varpað var fram.

Eftir samtalið mitt við Siðurð fór Þorsteinn að reka harðan áróður fyrir orðinu **tölva**. Að sögn Þorsteins reyndist almenningur móttækilegri fyrir orðinu en þeir sem störfuðu við hin nýju tæki. Þorsteinn mun fyrstur manna hafa sett orðið á prent í Almanaki Háskólans þar sem hann greindi frá því að tölva hefði í fyrsta sinn verið notuð við útreikninga almanaksins fyrir 1966. Til öryggis hafði hann þó orðið **rafeindareiknir** í sviga. Að beiðni Þorsteins ritaði Páll Theodórsson grein í Almanak Þjóðvinafélagsins 1967 þar sem orðið **tölva** var notað jafnhliða orðinu **rafeindareiknir**. Í Almanaki Þjóðvinafélagsins 1968 birtist svo löng grein um tölvur eftir Magnús Magnússon og þar var eingöngu notað orðið **tölva**.

Viðtökur almennings urðu jafnvel betri en Þorsteinn ætlaðist til þannig að til varð nýtt og óvænt vandamál. Hugmyndin var upphaflega sú að orðið **tölva** væri eingöngu notað um það sem á ensku var kallað *computer*, þ.e. 'stórvirka vél sem unnt væri að forrita og gæti gert umfangsmikla útreikninga án mannlegra afskipta'. En fljótlega var farið að nota orðið **tölva** um hvers kyns reiknivélar. Einnig var farið að nota það í samsetningum um hvers kyns tæki sem höfðu rafeindabúnað t.d. tölvuúr. Þorsteinn segir árið 1982 að tími sé kominn til þess að sporna við fótum þannig að orðið **tölva** verði ekki svo ofnotað að það hætti að hafa nokkra glögga merkingu. Jóhann Gunnarsson tekur undir þessi orð Þorsteins í næsta hefti Tölvumála.

Ég hef einnig stundum bent á þessa ofnotkun orðsins **tölva** og ýmissa samsetninga af því. Á tímabili virtist mér sem tilhneiging væri til þess að þýða flest ensk og norræn heiti sem byrjuðu á *data-* eða *digital-* með íslensku heiti sem byrjaði á **tölv****Kiktu á þæ**. Ekki er gott að segja hvers vegna þetta var svo en stundum held ég að allt sem tengt var tölvum hafi verið álitid fint. Mér finnst að þessarar tilhneigingar gæti minna nú en fyrir 5-10 árum.

En mikið hefur verið unnið við þýðingar á orðaforða tölvutækninnar á undanförunum 25 árum. Orðanefnd var stofnuð á vegum Skýrslutæknifélags Íslands fljótlega eftir að það var stofnað 1968. Ég held að óhætt sé að segja að það hafi haft meiri áhrif en allt annað sem gert hefur verið á þeim vettvangi en sú saga er efni í aðra grein.

Sigrún Helgadóttir er tölfræðingur á Hagstofu Íslands og formaður orðanefndar SÍ.